

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 1997.

**Umsögn um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, skv bréfi dags. 26. febr.
1997. -260. mál.-**

Hér er um langan lagabálk að ræða, þar sem tekið er á mörgum málum, sem varða réttindi sjúklinga og lagðar línur um mörg atriði, sem hafa verið í nokkuð lausu lofti og oft einstaklingsbundnar ákvarðanir heilbrigðisstarfsfólks að ræða án samráðs við sjúkling eða ættingja hans.

Sumt af þessu orkar tvímælis en ekki er aðstaða á svo stuttum tíma að gera athugasemd við einstaka greinar.

Við viljum leggja aðaláherslu á 1. grein laganna þar sem lögð er áhersla á að ekki megi mismuna sjúklingum af neinum þeim ástæðum sem þar eru taldar upp og endar á “stöðu að öðru leyti”. Undir þessi orð teljum við að komi aldur, eins og áður hafði komið fram í fyrri gerðum frumvarpsins.


Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að faglegt álit á aðstöðu og möguleikum til lækninga komi fyrst og fremst fram, þegar velja skal lækningu, þó að aldur geti komið þar inn í, en ekki árafjöldi sjúklingsins út af fyrir sig.

Margt er þarna, sem hægt er að snúa út úr og ef til vill þarf að orða skýrar, svo að ekki valdi misskilningi.

Í heild er þetta frumvarp til bóta ef samþykkt verður.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags eldri borgara
í Reykjavík og nágrenni



Páll Gíslason, formaður